

200. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 12. maí 2005 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Rúnar Gíslason, forseti bæjarstjórnar, RG
Dagný Þórisdóttir, DÞ
Eyþór Benediktsson, EB
Elísabet L. Björgvinsdóttir, ELB
Davið Sveinsson, DS
Hilmar Hallvarðsson, HH
Guðmundur Kristinsson, GK
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri, ÓJG
Þór Örn Jónsson, bæjarritari.

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 390, dags.4. maí 2005.

Liður 1.1. fundargerð hafnarnefndar.

Fundargerð lögð fram. Liðir 2 og 3 samþykktir. Fundargerð samþykkt að öðru leyti.

Til máls tók:ÓJG og HH

Liður 1.2. Safna- og menningarmálanefnd. Fundargerð framlögð. Samþykkt gjaldskrá fyrir bókasafn. Fundargerð samþykkt að öðru leyti.

Liður 1.3. æskulýðs- og íþróttanefnd fundargerð framlögð. Samþykkt að endurnýja hliðarkörfur í Íþróttahúsinu. Fundargerð samþykkt að öðru leyti. Samþykkt að styrkja körfuknattsdeild Snæfells um kr. 500.000 fyrir góðan árangur á liðnum vetri.

Til máls tók:ÓJG

Liður 4 Hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmshöfn samþykkt.

Til máls tóku:ÓJG og HH

Liður 6 bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu. Lægsta tilboð kom frá Hótel Stykkishólmi. Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að fela bæjarstjóra ganga til samninga við lægstbjóðanda.

Liður 7 samþykkt samhljóða að fela Rúnari Gíslasyni að ganga til samninga við Erlu Friðriksdóttur um bæjarstjórastöðuna.

Til máls tóku:DS,HH og RG

Liður 8 Erindisbréf fyrir nefndirnar samþykktar. Samþykkt að tilnefna Elísabetu L. Björgvinsdóttur formaður, Grétar D. Pálsson og Berglind Axelsdóttur í nefnd um húsnæðismál Grunn- og Tónlistarskóla. Tilnefnd í nefnd um stefnumörkun í málefnum aldra eru Eyþór Benediktsson formaður, Katrín Pálsdóttir og Hanna Jónsdóttir.

Liður 9 samþykkt að kaupa upp hlutafé í Heilsueflingu Stykkishólms.

Liður 12 samþykktur samhljóða.

Liður 14 samþykktur samhljóða.

Til máls tóku:DS,HH og ÓJG
Liður 16 samþykkt að Dagný Þórisdóttir taki sæti í stjórn Félags- og skólaþjónustu.

Fundargerðin staðfest samhljóða.
Til máls tóku:ÓJG,DP,HH,EB og RG

2. Fundargerðir nefnda.
 - 2.1. Fundargerð hafnarnefndar, dags. 13.4.2005.
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.
 - 2.2. Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 25.4.2005.
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.
 - 2.3. Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar, dags. 26.4.2005.
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.
3. Ársreikningur Stykkishólmsbæjar og undirfyrirtækja fyrir árið 2004, fyrri umræða.
Reynir Ragnarsson endurskoðandi Stykkishólmsbæjar gerði grein Ársreikningnum og svaraði spurningum. Ársreikningnum vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn.
Til máls tóku:DS,ÓJG,RG og HH
4. Forvarnarstefna Stykkishólmsbæjar.
Forvarnarstefnan samþykkt.
Til máls tóku:ÓJG,ELB,DS,EB og HH

Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 19:09.
Þór Örn Jónsson, bæjarritari.